**15. gr. Stjórn sjóðsins**

15.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og 5 mönnum til vara og skulu þeir vera sjóðfélagar í Lífsverk lífeyrissjóði. Stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum með rafrænni kosningu, sbr. gr. 15.2, til tveggja ára í senn. Annað hvert ár skal kjósa tvo stjórnarmenn og hitt árið kjósa þrjá stjórnarmenn. Kjósa skal jafnmarga í varastjórn á aðalfundi sjóðsins. Hlutfall annars kynsins í stjórn sjóðsins skal aldrei verða lægra en 40%.

15.2 Kosning skal rafræn og byggjast á gildandi sjóðfélagaskrá í lok síðasta mánaðar áður en rafræn kosning fer fram, og vefaðgangi sjóðfélaga að henni. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal stjórn sjóðsins skipa þriggja manna kjörnefnd, sem annast skal framkvæmd stjórnarkjörs fyrir komandi starfsár. Kjörnefnd skal minnst sex vikum fyrir aðalfund auglýsa á vefsvæði sjóðsins hvenær stjórnarkjör fari fram og eftir framboðum til setu í stjórn skv gr. 15.1. Fyrir sama tíma skal senda sjóðfélögum boð um aðalfund og stjórnarkjör. Skal framboðsfrestur minnst 14 dagar og skal skila framboðum til kjörnefndar ásamt minnst fimm og mest tíu meðmælendum úr hópi sjóðfélaga fyrir lok framboðsfrests. Kjörnefnd úrskurðar um lögmæti framboða og skal að því gerðu kynna þau á vefsvæði sjóðsins næstu 7 daga og skal rafræn kosning meðal sjóðfélaga hefjast að lokinni kynningu frambjóðenda og standa yfir í fimm virka daga. Á þeim tíma skulu sjóðfélagar eiga þess kost að greiða atkvæði á skrifstofu sjóðsins á venjubundnum afgreiðslutíma hans. Allir sjóðfélagar eru kjörgengir og njóta kosningaréttar til stjórnar.
Um kjör aðal- og varastjórnar gilda reglur um *margfeldiskosningu*. *Kosið skal á milli einstaklinga. Hver kjósandi hefur jafnmörg atkvæði og fjöldi þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal og má hann skipta atkvæðamagni sínu á jafnmarga menn og kjósa skal eða færri. Ef ekki er á atkvæðaseðli getið skiptingar atkvæða á milli þeirra sem þau eru greidd skal þeim skipt að jöfnu.*
Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjakvóta skv. gr. 15.1. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar, m.a. um kærufrest og meðferð gagna, úrskurðar um lögmæti kosningar og kynnir niðurstöður stjórnarkjörs á aðalfundi sjóðsins. Reglur um framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á vefsvæði sjóðsins eigi síðar en samtímis því að auglýst er eftir framboðum.

15.3 Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 129/1997. Þeir skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þá skulu stjórnarmenn uppfylla ákvæði 31. gr. laga 129/1997 um óhæði m.a. gagnvart öðrum eftirlitsskyldum aðilum. Þeir skulu og hafa nægjanlega þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt og uppfylla reglur FME um hæfi.

Stjórnarmenn skulu ekki sitja sem kjörnir aðalmenn lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil (*sex ár*) *á hverju 12 ára tímabili*.

**Deleted:** þriggja
**Deleted:** Tvö árin skulu tveir
**Deleted:** kjörnir í hvort sinn og þriðja
**Deleted:** árið skal einn stjórnarmaður kjörinn. Þau ár sem tveir stjórnarmenn eru kosnir skal kjósa eina konu og einn karl
**Deleted:** . Þegar kjósa skal einn stjórnar– og varastjórnarmann þá ræður kosning óháð kyni.
**Deleted:**
**Deleted:** .
**Formatted:** Normal
**Deleted:** kjör
**Deleted:** meirihlutakosningu
**Formatted:** Font: Italic
**Deleted:** þannig að hver kjósandi getur kosið allt að þeim fjölda frambjóðanda sem kjósa á hverju sinni.
**Formatted:** Normal (Web)
**Deleted:** *níu*
**Formatted:** Font: Italic
**Formatted:** Font: Italic
**Deleted:** .¶